

## Til Borgarstjórnar Reykjavíkur

### Efni: Frestun á frekari vinnu við breytingu á deiliskipulagi við Birkimel 1.

Stjórn íbúasamtaka Vesturbæjar hvetur borgarstjórn Reykjavíkur til þess að fresta frekari vinnu við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi við Birkimel 1, en leggja þess í stað áherslu á heildstæða endurskoðun á skipulagi svæðisins á milli Hringbrautar og Hagatorgs.

Eins og fram hefur komið í þeim fjölmörgu athugasemdum sem borist hafa, þá lýsa margir yfir ígrunduðum áhyggjum vegna áformanna. Gildir það sérstaklega um íbúa Birkimels, sem telja sig verða fyrir mikilli skerðingu á lífsgæðum, s.s. dagsbirtu og útsýni. Einnig má nefna umsögn Minjastofnunar, dags 27. ágúst 2025, þar sem m.a. er bent á að deiliskipulagsbreytingin muni hafa neikvæð áhrif á heildarásýnd svæðisins og rýra varðveislugildi einnar merkustu skipulagsheildar í sögu Reykjavíkur.

Allnokkrir benda síðan á að áformin séu hugsanlega í andstöðu við gildandi aðalskipulag.

Stjórnin vill því gera það að tillögu sinni að hafin verði vinna við endurskoðun aðalskipulags svæðisins út frá heildrænni nálgun, sem taki mið af fleiru en íbúðapörf. Jafnvel verði gerður sérstakur rammahluti, sem byggir á ítarlegri skoðun á uppbyggingamöguleikum svæðisins í samhengi við útisvæði og almenningsrými í kring, auk tillits til verndargildis einstakra bygginga og skipulagsheilda, s.s. íbúðablokkana við Birkimel og ásýndar að Háskólabíó, í samræmi við ofangreinda umsögn Minjastofnunar Íslands.

Stjórnin hvetur einnig til þess að borgaryfirvöld stuðli að frekara samráði milli Háskóla Íslands, íbúa og annarra hagsmunaaðila og efni jafnvel til opinnar hugmyndasamkeppni og nýti niðurstöður hennar við frekari skipulagsvinnu. Þennan reit skal einnig sýna í samhengi við aðrar opnar lóðir í kring, skólalóðir, kirkjulóð, Hagatorgið með tilliti til samgönguleiða og möguleika á útveru og útikennslu.

Hér gæti í raun myndast einstakt tækifæri til þess að vinna samkvæmt nýrri borgarhönnunarstefnu Reykjavíkurborgar, grænum áherslum borgarinnar og lýðheilsustefnu og svæðið jafnvel orðið e.k. tilraunareitur, þar sem þetta nýja og einstæða verkfæri yrði slípað til og verkferlar þróaðir.

Með vinsemd og virðingu

Stjórn Íbúasamtaka vesturbæjar:

*Martin Jónas B. Swift, formaður*

*Ásta Olga Magnúsdóttir*

*Kristín Huld Sigurðardóttir*

*Örn Þór Halldórsson*